

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

Af hundum í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 15. gr. samþykktar nr. 154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 6.100
Skráningargjald eftir útrunninn frest	kr. 9.150

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

Bráðabirgðaskráning	kr. 3.000
---------------------	-----------

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem bráðabirgðaskráning gildir.

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr. 9.600
-------------	-----------

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Afhending	kr. 16.000
-----------	------------

Fyrsta afhending skráðs hunds ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun	kr. 8.000
---	-----------

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega eftirlitsgjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftrílti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld skv. 3. grein gjaldskrár þessarar um allt að helming, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 12. nóvember 2002, bæjarstjórn Garðabæjar 22. nóvember 2002, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 12. nóvember 2002 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 12. nóvember 2002, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 919/2001 fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Garðabæ, 22. nóvember 2002.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri.